



Mat á
starfsáætlun Birkilundar
veturinn 2015-2016

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Hagnýtar upplýsingar - kafli 2.....	2
Skólahúsnæði - kafli 3	2
Stærð og einkenni - kafli 3.1.....	2
Leikskólalóð - kafli 3.2.....	2
Nauðsynlegt viðhald og endurbætur - kafli 3.3.	2
Fæðismál - kafli 4	3
Starfsrammi - kafli 5.....	3
Starfsmannahald - kafli 6	4
Símenntunaráætlun - kafli 6.4.	4
Námskrá - kafli 7.5.....	4
Skólastarfið 2015-2016 - kafli 8.....	4
Starfið á Kvistalandi - kafli 8.1.....	5
Starfið á Könglalandi - kafli 8.2.....	5
Foreldrafélag - kafli 11.1.	6
Sérstök verkefni - kafli 12	6
Innra mat - kafli 13	6

Inngangur

Eftir að starfsáætlunin var gerð var tekin ákvörðun um að innrétta leikskóladeild í húsnæði þar sem fyrrum var pósthús í Varmahlíð. Varð því veruleg breyting á starfsemi leikskólans í mars, þegar tekin var í notkun þessi deild sem hlaut nafnið Reyniland. Verður gerð grein fyrir þeim breytingum hér á eftir ásamt öðru því sem vikið hefur frá áætluninni. Einnig fylgja með niðurstöður úr innra mati.

Hagnýtar upplýsingar - kafli 2.

Deildarstjóri á Reynilandi er Guðbjörg Sigfúsdóttir guðbjorgs@skagafjordur.is. Símanúmer á Reynilandi er 5718215.

Skólahúsnæði - kafli 3

Innréttað var leikskóladeild í húsnæði þar sem áður var pósthús í Varmahlíð. Hlaut deildin nafnið Reyniland. Þar eru rými fyrir 11 börn. Deildin var tekin í notkun 16. mars og var orðin fullnýtt 7. apríl.

Stærð og einkenni - kafli 3.1.

Frá miðjum mars hefur leikskólastarfsemin farið fram í þremur húsum. Stærð Reynilands er 80 fm og er gert ráð fyrir að þar geti verið 11 börn. Samið var við K.S.Varmahlíð um hádegismat fyrir Reyniland alla daga sem þar er opið og jafnframt fyrir Birkilund þegar ekki er eldað í Varmahlíðarskóla. Hefur því ekkert verið eldað í Birkilundi síðan í febrúar, þegar það var vatrarfrí í Varmahlíðarskóla.

Leikskólalóð - kafli 3.2.

Leiksvæði barnanna við Reyniland er um _____ fm. Í apríl var sandkassa komið fyrir þar og í júlí voru sett niður rólur og rennibraut. Auk þess eru nokkur stór tré innan girðingarinnar. Staðsetning deildarinnar er óheppileg að því leiti að þar eru miklar mannaferðir á kvöldin og um helgar og misjafnt hvernig fólk gengur um. Bráðabirgðagirðing var sett upp umhverfis leiksvæðið og var hún alveg lokuð. Það hefur komið í veg fyrir utanaðkomandi umgang um leiksvæðið en er frekar óheppilegt fyrir starfsmenn, t.d. þegar leikföng fara út fyrir girðinguna.

Nauðsynlegt viðhald og endurbætur - kafli 3.3.

Á Reynilandi eru læstir skápar fyrir persónulega muni þess starfsfólks sem þar vinnur. Þar er undirbúningsaðstaða starfsfólks aðskilin frá kaffistofu. Kaffistofan er í eldhúsaðstöðu, þar sem jafnframt er uppvottavél og ískápur fyrir deildina.

Þar sem einungis 38 börn óska eftir leikskólaplássi haust 2016 er ekki þörf á því að nýta Furuland fyrir börnin. Hefur leikskólastjóri því óskað eftir því að þar verði gerð undirbúningsaðstaða fyrir starfsfólk og skrifstofa leikskólastjóra, til að bæta eitthvað úr þeim atriðum sem Vinnueftirlitið hefur gert athugasemdir við. Jafnframt hefur verið óskað eftir breytingum á fatahengi og núverandi skrifstofu til þess að bæta aðstöðu í húsinu og koma fyrir læstum hirslum fyrir starfsfólk. Þrátt fyrir að þessar breytingar verði gerðar er það ekki fullnægjandi lausn og því mikilvægt að áfram sé unnið að því að finna varanlega lausn á húsnæðisvanda leikskólans.

Þar sem samið hefur verið við K.S.Varmahlíð um hádegismat þegar lokað er í Varmahlíðarskóla er eldhúsið í Birkilundi eingöngu notað sem móttökueldhús og til að baka.

Mjög aðkallandi er að tekin verði ákvörðun um varanlegar úrbætur í húsnæðismálum leikskólans þar sem mjög óhagstætt er að vera með starfseminu í mörgum húsum. Endurnýjaðir voru 15 nemendastólar af 22 á Könglanandi í samræmi við það að gert er ráð fyrir færri börnum.

Ekkert hefur verið gert í sambandi við girðinguna þar sem varasamir teinar standa upp úr grindunum. Þar sem börnum fækkar þarf ekki að endurnýja borð eins og gert var ráð fyrir. Enn er eftir að bera á húsið að utan, ekki hefur verið gert við hitalögnina og það vantar ennþá merkingar utanhúss.

Fæðismál - kafli 4

Þá daga sem ekki er eldað í Varmahlíðarskóla fær leikskólinn mat frá K.S.Varmahlíð. Reyniland hefur fengið mat þaðan alla daga. Hefur það gengið ágætlega, en er eitthvað dýrara en maturinn úr skólanum. Frá 1. september munu allar deildir Birkilundar fá mat frá Varmahlíðarskóla þá daga sem þar er eldað en frá K.S.Varmahlíð þá daga sem ekki er eldað í Varmahlíðarskóla, eða um 45 daga á hverju skólaári.

Starfsrammi - kafli 5

Börnum fjölgaði í mars og apríl eftir að ný deild var tekin í notkun. Þá bættist við 1 drengur fæddur 2010, 1 drengur fæddur 2011, 1 stúlka fædd 2012, 4 drengir fæddir 2014 og 2 drengir og 1 stúlka fædd 2015. Alls voru börnin þá 45.

Starfsmannahald - kafli 6

Stöðugildum var fjölgað um 2,6 til þess að manna Reyniland. Í nóvember varð dagmamman starfsmaður leikskólans eftir að samið hafði verið við hana að halda áfram sem dagamma þar til nýja deildin tæki til starfa. Hún kom síðan í 100% starf við leikskólann um miðjan mars. Leikskólakennari sem tók að sér deildarstjórn á Reynilandi fór úr 80% stöðu í 100%. Ráðinn var inn starfsmaður í 100% starf frá áramótum og starfsmaður sem var með 10% starfshlutfall á deild jók við sig í 50%. Á Reynilandi voru 3 starfsmenn í 3 stöðugildum frá 15. mars til 1. júlí. Þessir 3 starfsmenn þurftu að sinna öllum þeim störfum sem til féllu á deildinni, þ.e. bæði ræstingu og frágangi í eldhúsi til viðbótar við þau störf sem tengjast umönnun barnanna. Fljótlega kom í ljós að deildin var ekki nægilega mönnuð og því hefur verið aukið við stöðugildi þar. Frá og með 8. ágúst er öll ræsting við leikskólann á sömu hendi og fer að mestu fram utan opnunartíma leikskólans. Þetta er 53% starfshlutfall. Starfsmaðurinn sinnir jafnframt 25% afleysingu á deild eftir hádegið. Auk þess bætist við starfsmaður í 55% afleysingastöðu á Reynilandi. Á móti kemur að stöðugildum á Könglalandi fækkar um 1 vegna þess að þar fækkar börnunum og á Kvistalandi fækkar stöðugildum um 0,55 vegna þess að börnin eru eldri en áður. Alls verða stöðugildi við Birkilund 11,03 haustið 2016 sem er fjölgun um 2,18 stöðugildi frá því sem var haustið 2015. Þessi aukning skýrist af því að það eru fleiri börn og yngri börn, auk þess sem tvær starfsstöðvar kalla á meiri mönnun en annars væri nauðsynleg.

Símenntunaráætlun - kafli 6.4.

Ekki tókst að koma á námskeiði um barnavernd/tilkynningarskyldu né heldur að hafa brunaæfingu með börnunum. Annað var samkvæmt áætlun.

Námskrá - kafli 7.5.

Unnið er eftir aðalnámskrá leikskóla, sem kom út 2011. Lokið var við endurskoðun Skólanámskrár Birkilundar í vor og er hana að finna á eftirfarandi slóð: <http://birkilundur.skagafjordur.is/static/files/Dagatal/2015-2016/namsskra-birkilundar-2016.pdf>

Skólastarfið 2015-2016 - kafli 8

Breyting varð á starfsemi leikskólans þegar tekin var í notkun þriðja deildin, sem staðsett er í húsnæði þar sem áður var pósthús í Varmahlíð. Deildin var tekin í notkun 16. mars. Óvissutími þar á undan setti sitt mark á skólastarfið og hafði

áhrif bæði á starfsfólk og foreldra. Starfið í Birkilundi gekk þó nokkurn veginn samkvæmt áætlun, að öðru leiti en því að 4 börn voru flutt þaðan á Reyniland og 3 börn tekin inn á Könglaland og Kvistaland í lok mars. Í aðdraganda að því og vegna þess að opnun deildarinnar frestaðist all mikið frá því sem upphaflega var áætlað þá kom upp óánægja meðal foreldra sem setti sitt mark á skólastarfið. Tókst þó að finna lausn í því máli þannig að hægt var að ljúka vetrinum í sátt.

Jólaball var haldið í setustofu Varmahlíðarskóla 17. desember kl 15:00-16:30. Var það klukkutíma seinna en verið hefur. Sama dag bauð foreldrafélagið upp á leiksýningu. Sýningin átti að vera kl 14:00 en vegna ófærðar og bilunar í bíl seinkaði leikhúsfólki. Sýningin var því í lok jólaballsins. Olli það sumum foreldrum óþægindum þar sem ekki tókst að ná í alla til að láta vita af seinkuninni og mættu því sumir foreldrar kl 14 til að fylgja börnunum á leiksýninguna. Þriðjudaginn 2. febrúar var foreldrum boðið í morgunmat í tilefni af afmæli Birkilundar 29. janúar og degi leikskólans 6. febrúar. Öskudagsball var haldið á öskudaginn, en að þessu sinni var það eingöngu fyrir börnin, en ekki foreldra og systkini eins og verið hefur. Heppnaðist það með ágætum.

Starfið á Kvistalandi - kafli 8.1.

Í lok mars fluttu 4 börn af Kvistalandi á Reyniland og 1 stúlka fædd 2012 kom inn á Kvistaland í staðinn. Auk þess komu 2-3 börn af Könglalandi í hádegismat á Kvistalandi alla daga vikunnar nema föstudaga. Var brugðið á það ráð í stað þess að flytja börn af Könglalandi á Kvistaland, en það þótti sumum foreldrum óbærileg tilhugsun.

Starfið á Könglalandi - kafli 8.2.

Í lok mars bættust 2 drengir við á Könglaland, annar fæddur 2010 og hinn 2011. Þar sem ekki var pláss fyrir nema 22 börn við borð þá fóru elstu börnin til skiptis og borðuðu hádegismat á Kvistalandi, 2-3 í einu alla daga nema föstudaga. Var þeirri tilhögun hætt í byrjun júní þegar börnunum hafði fækkað.

Tónlistarstundum og íþróttahúsferðum var fækkað þannig að hvor hópur fór aðra vikuna í íþróttahús og hina vikuna í tónlist hjá Kristínu Höllu. Var þetta gert til að ná meiri ró í starfið og fá meiri samfelldan tíma fyrir starf og leik.

Í júní var farið í heimsókn í Laugarmýri þar sem börnin fengu bæði að tína og borða tómata og gúrkur, sjá blóm og grænmeti í ræktun, gefa fiskum sem nýttir eru við framleiðslu á áburði og sjá folöld. Var það sveitaferðin þetta vorið. Farið var með 4 elstu árganga leikskólans.

Elsti árgangur leikskólans flutti leikgerð af sögunni: Úlfurinn og kiðlingarnir 7, við útskrift sína úr hópastarfi fimmtudaginn 26. maí.

Foreldrafélag - kafli 11.1.

Guðrún Ólafsdóttir kom inn í stjórn foreldrafélags Birkilundar í stað Kristjáns Eymundssonar. Ragnhildur Jónsdóttir tók við sem formaður. Aðrir í stjórn eru Halla Ólafsdóttir gjaldkeri, Ragnheiður Brynjólfsdóttir ritari og Eypór Einarsson meðstjórnendur.

Sérstök verkefni - kafli 12

Í vetur var unnið að gerð lestrarstefnu fyrir Skagafjörð. Í tengslum við þá vinnu voru Guðbjörg Sigfúsdóttir, Fanney Friðriksdóttir og Steinunn Arnljótsdóttir valdar lestrarteymi við Birkilund. Eftir að ný deild opnaði við leikskólann bættist Sigríður Helgadóttir í teymið. Stóð teymið m.a. fyrir því að farið var að vinna með staf vikunnar í leikskólanum fljótlega eftir áramótin. Er stefnt að því að það verði fastur liður í starfi leikskólans hér eftir.

Innra mat - kafli 13

Enn hefur starfsmannakönnun ekki verið lögð fyrir en annað mat fór fram samkvæmt áætlun.

Fylgiskjal 1: Samantektarskýrsla vegna innra mats í Birkilundi veturinn 2015-2016.

Fylgiskjal 2: Þróunaráætlun vegna innra mats í Birkilundi veturinn 2015-2016.